




Árnesi 06.07.2017

Tilv. 0965/KAT

Skipulagsstofnun
Bt Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Rvk.



Á fundi sveitarstjórnar þann 5 júlí sl. var eftirfarandi bókað :

1. Hvammsvirkjun. Matsskýrsla. Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun undirritað af Jakob Gunnarssyni með því fylgdi Frummatsskýrsla um áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu, útivist, ásýnd og samfélag. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og almenn áhrif af fyrirhugaðri Hvammsvirkjun.

Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun vegna frummatsskýrslu Hvammsvirkjunar Mat á umhverfisáhrifum: Ferðaþjónusta og útivist og landslag og ásýnd lands.

Þar sem niðurstöður matsins eru að um óverulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist sé að ræða og óverulega neikvæð til talsvert neikvæðra áhrifa á landslag og ásýnd lands sem og þess að samkvæmt orkuspá 2016-2050 er minni árleg aukning notkunar en fyrri spár töldu. Er það rétt að mati sveitarstjórnar að skoða betur mótvægisáðgerðir, áður en lengra er haldið. Sveitarstjórn telur ekki eðlilegt að tengja tilkomu brúar við virkjanaáform til grundvallar í spurningakönnun unninni af RRF um áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu útivist og samfélag. Bókun samþykkt samhljóða

Meike Witt lagði fram eftirfarandi bókun : Að mínu mati liggja villandi og ófullnægjandi gögn (myndefni sem sýna fyrir og eftir) til grundvallar í spurningarkönnun RRF um Landslag og ásýnd lands. Varðandi Áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag: Tenging brúarinnar við virkjanaframkvæmdir er með öllu óeðlileg. Brúin sem slík er eðlileg samgöngubót og á að vera á áætlun óháð virkjanaframkvæmdum eins og hefur verið gert í nágrennasveitum. Að mínu mati þarf að endurvinna báðar viðhorfskannanirnar (Áhrif á á ferðaþjónustu, útivist, og samfélag og Landslag og ásýnd lands) frá grunni til að gefa rétta mynd af framkvæmdum og áhrifum þeirra á þá þætti sem stóð til að rannsaka.

Það tilkynnist hér með

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps


Kristófer Tomásson sveitarstjóri

Afrit sent Ólöfu Rós Káradóttur Landsvirkjun.